

Vinnureglur Fisksjúkdómanefndar

Hlutverk

- Samkvæmt 4. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum nr. 60/2006 skal Fisksjúkdómanefnd vera Matvælastofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna.
- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna aðgerða vegna sjúkdóma í eldisstöðvum sbr. 10. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum.
- Fjalla um innflutning lifandi fisks, hrognar og svilja sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum.
- Veita Matvælastofnun umsögn vegna umsókna um innflutning á notuðum vísindatækjum, tæknibúnaði og eldisbúnaði. sbr. 37. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.
- Veita heimild til að ala villtan fisk og eldisfisk í sömu eldisstöð sbr. 38. gr. rgl. um fiskeldi.
- Gera tillögur um útgáfu heilbrigðisvottorða til Rannsóknadeildar fisksjúkdóma sbr. 5. tl. 5. gr. laga um Rannsóknadeild fisksjúkdóma nr. 50/1986.
- Fisksjúkdómanefnd er samstarfsaðili Rannsóknadeildar fisksjúkdóma ásamt dýralækni fisksjúkdóma sbr. 6. gr. laga um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.
- Setja reglur um lágmarkstíðni sýnatöku og fjölda sýna sem tekin skulu úr hverri klak- og eldisstöð sbr. 10. gr. laga um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.
- Veita viðtöku tilkynningum um greiningar á hættulegum og/eða tilkynningarskyldum sjúkdómum sbr. 11. gr. laga um Rannsóknadeild fisksjúkdóma. Þá skal nefndin gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar aðgerðir og varúðarráðstafanir.

Aðsetur og umsjón

Fisksjúkdómanefnd er með aðsetur hjá Matvælastofnun og eru fundir haldnir á starfsstöð MAST á höfuðborgarsvæðinu.

Matvælastofnun annast skjalavörslu nefndarinnar.

Matvælastofnun annast verklega þætti stjórnsýslu, s.s. bréfaskriftir, söfnun og afhending gagna vegna beiðna um aðgang að upplýsingum sbr. upplýsingalög nr. 140/2012 og stjórnsýslulög nr. 37/1993, móttöku andmæla og kæra og annast leiðbeiningaskyldu stjórnvalda sbr. stjórnsýslulög.

Verkaskipting innan Fisksjúkdómanefndar

Formaður kemur fram fyrir hönd nefndarinnar en getur í sérstökum tilvikum falið öðrum nefndarmanni það hlutverk.

Tjái nefndarmaður sig um störf hennar á opinberum vettvangi, án þess að hafa verið falið það hlutverk, skal hann gera skýra grein fyrir því að hann sé ekki að tala fyrir hönd hennar.

Formaður upplýsir hver sé starfsmaður nefndarinnar hverju sinni.

Fundir og fundarsköp

Starfsmaður nefndarinnar annast fundarboð og útteilingu fundargagna í umboði formanns.

Formaður stýrir fundum skv. fyrirbyggjandi dagskrá.

Nefndin heldur fundi mánaðarlega nema í desember, júní og júlí og skal miða að því að halda fundi síðasta mánudag hvers mánaðar kl. 13.00 til 15.00.

Formanni Fisksjúkdómanefndar er heimilt að fella niður fund nefndarinnar ef engin mál eru til umfjöllunar og enginn nefndarmaður mótmælir. Ekki skulu þó líða meira en fjórir mánuðir milli funda nefndarinnar. Formanni er heimilt að boða til fundar á öðrum tímum séu málefnaleg rök fyrir því.

Fastir dagskrárliðir á fundum Fisksjúkdómanefndar eru:

1. Umfjöllun um umsóknir um meðhöndlun í eldiskvíum með sýkla- og/eða sníkjudýralyfjum.
2. Önnur mál.

Óski nefndarmaður eftir að Fisksjúkdómanefnd fjalli um sérstakt málefni skal hann senda beiðni til starfsmanns nefndarinnar að minnsta kosti tveimur vikum fyrir fund með nánari útlistun og rökstuðningi þannig að ljóst sé að efnið falli undir hlutverk Fisksjúkdómanefndar. Formaður tekur afstöðu til beiðnarinnar.

Endanleg dagskrá og fundargögn fundar skal send út eigi síðar en viku fyrir hvern fund. Berist nefndinni ný mál milli útdeilingu fundargagna og sjálfs fundarins er heimilt að taka það fyrir undir liðnum „önnur mál“ samþykki allir nefndarmenn það.

Starfsmaður ritar fundargerð. Skal hún birt á heimasíðu Matvælastofnunar eigi síðar en viku eftir fund. Séu mál afgreidd utan venjubundins fundar skulu þau færð til bókar á næsta reglubundna fundi.

Náist ekki að tæma dagskrá innan boðaðs fundartíma skal umræðu frestað til næsta fundar nema boðað sé til aukafundar ef samþykki allra nefndarmanna liggur fyrir.

Um málsmeðferð skal fara að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Forföll

Verði forföll þá tilkynnir nefndarmaður það til starfsmanns og boðar varamann viðkomandi og sendir honum viðeigandi gögn varðandi fundinn.

Sérfræðingar

Fisksjúkdómanefnd ber að kalla eftir sérfræðialiti þegar fjallað er um fræðileg álitamál og skortir sérþekkingu á viðkomandi sviði. Fisksjúkdómanefnd eða einstaka nefndarmenn geta óskað eftir að sérfræðingi verði boðið að sitja tiltekinn dagskrárlið til álitsgjafar.

Gestir

Óski einstaklingur eða félagasamtök eftir að fá að koma fyrir Fisksjúkdómanefnd með tiltekið málefni eða af gefnu tilefni skal óska eftir því með 2 vikna fyrirvara og þarf meirihluti nefndarinnar að samþykkja slíka tilhögun enda heyri málefnið undir hana.